

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur um kostnað við auglýsingagerð, kynningarmál, viðburði og ráðstefnur.

1. Hver var kostnaður ráðuneytisins og stofnana þess við auglýsingagerð og kynningarmál árin 2022 og 2023? Svar óskast sundurliðað eftir auglýsingaherferðum.

Við vinnslu á svari við þessum tölulíð fyrirspurnarinnar var tekinn saman heildarkostnaður vegna auglýsingagerðar og birtinga, sem tekur m.a. til sértækra verkefna, viðburða og atvinnuauglýsinga á vegum ráðuneytis eða stofnunar. Þá var tekinn inn í svarið kostnaður við hönnun og birtingu. Undanskilinn í svari er kostnaður vegna norræns og alþjóðlegs samstarfs (m.a. funda ráðherra), vinnufunda og starfsmannaviðburða. Einnig er kostnaður vegna lög-bundinna birtinga í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu undanskilinn.

Undir ráðuneytið heyra fimm stofnanir, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs, sem samrekin er með Fiskistofu, og Land og skógur. Land og skógur varð til 1. janúar 2024 með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins. Í kjölfarið voru fjárlagaliðir stofnanna lagðir niður og nýr fjárlagaliður Lands og skógar tekinn í notkun. Í ljósi þessa var tekin ákvörðun um að undanskilja nýja stofnun frá svari.

Kostnaður við auglýsingagerð og kynningarmál sundurliðað eftir auglýsingaherferðum	2022	2023
Matvælaráðuneytið alls		
Matvælaþing	2.048.693	2.247.293
Auðlindin okkar	4.062.037	1.531.338
Stefnumótun og lagasetning í lagareldi		15.500
Kynningarfundur um eflingu kornræktar		70.500
Málþing Biodice um vistkerfisnálgun		15.500
Kynning á skýrslu um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu		46.500
Landbúnaðarverðlaunin		306.978
Styrkir til verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðherra	576.964	
Ýmsar auglýsingar vegna búvörusamninga	469.097	365.077
Auglýsingar vegna starfa o.fl.	5.617.005	979.865
Hafrannsóknastofnun		
Atvinnuauglýsingar	1.228.142	1.922.836
Logo og kynningar	1.289.192	678.080
Matvælastofnun		
Auglýsingar vegna starfa o.fl.	1.405.935	1.172.204
Fiskistofa		
Atvinnuauglýsingar		193.331
Ýmsar auglýsingar í sjávar tengdum fjölmiðlum	99.200	62.000
Samtals matvælaráðuneytið og stofnanir þess	16.796.265	9.607.002

2. *Hvernig skiptist birtingarkostnaður ráðuneytisins og stofnana þess eftir innlendum og erlendum miðlum árin 2022 og 2023?*

Við vinnslu á svari við þessum tölulíð fyrirspurnarinnar var tekinn saman allur kostnaður vegna birtinga á auglýsingum í prent-, vef- og samfélagsmiðlum, greindur eftir innlendum og erlendum birtingum. Einnig fellur undir í svarinu birtingarkostnaður vegna auglýsinga-herferða, viðburða/ráðstefna og starfa sem auglýst eru. Kostnaður vegna birtinga í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu er undanskilinn í svarinu.

Svarið tiltekur allan kostnað sem fellur undir svar við 1. tölul., sundurliðaðan milli innlendra- og erlendra miðla.

Undir ráðuneytið heyra fimm stofnanir, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs, sem samrekin er með Fiskistofu, og Land og skógur. Land og skógur varð til 1. janúar 2024 með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins. Í kjölfarið voru fjárlagaliðir stofnanna lagðir niður og nýr fjárlagaliður Lands og skógar tekinn í notkun. Í ljósi þessa var tekin ákvörðun um að undanskilja nýja stofnun frá svarinu.

	2022	2023
Matvælaráðuneytið		
Innlendir miðlar	11.617.868	4.467.636
Erlendir miðlar	1.155.928	1.110.915
Hafrannsóknastofnun		
Innlendir miðlar	2.517.334	2.418.645
Erlendir miðlar		182.271
Matvælastofnun		
Innlendir miðlar	1.405.935	1.172.204
Erlendir miðlar		
Fiskistofa		
Innlendir miðlar	99.200	255.331
Erlendir miðlar		

3. *Hver var kostnaður ráðuneytisins og stofnana þess við viðburði og ráðstefnur árin 2022 og 2023?*

Við svar á tölulíðnum var tekinn saman heildarkostnaður við viðburði og ráðstefnur á vegum ráðuneytisins og stofnana þess, þar á meðal kostnaður sem þegar hefur verið tilgreindur í svari við 1. og 2. tölul. (hönnunarkostnaður og auglýsingagerð vegna viðburða, sem og birtingakostnaður). Við svar við þessum tölulíð bætist svo kostnaður vegna viðburðahaldsins sjálfs, svo sem leiga á húsnæði, streymi, viðburðastjórnun, myndataka og veitingar.

Undanskildir í svarinu eru lokaðir fundir á vegum ráðuneytisins, stofnana eða samstarfsaðila þess.

Undir ráðuneytið heyra fimm stofnanir, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Fiskistofa, Verðlagsstofa skiptaverðs, sem samrekin er með Fiskistofu, og Land og skógur. Land og skógur varð til 1. janúar 2024 með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins. Í kjölfarið voru fjárlagaliðir stofnanna lagðir niður og nýr fjárlagaliður Lands og skógar tekinn í notkun. Í ljósi þessa var tekin ákvörðun um að undanskilja nýja stofnun frá svarinu.

Kostnaður við viðburði og ráðstefnur	2022	2023
Matvælaráðuneytið		
Matvælaþing	16.368.728	15.504.310
Auðlindin okkar	10.745.673	5.041.130
Stefnumótun og lagasetning í lagareldi		807.000
Kynningarfundur um eflingu kornræktar		486.210
Málþing Biodice um vistkerfisnálgun		697.800
Kynning á skýrslu um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu		538.800
Landbúnaðarverðlaun	270.624	639.458
Þátttaka í sjávarútvegssýningu	1.860.000	
Hafrannsóknastofnun		
Vísindavaka Rannís	239.938	954.428
Sjómannadagurinn	688.543	403.180
Vísindaferð – móttaka háskólanema	133.636	
Málstofur og móttaka hópa	133.892	272.660
Matvælastofnun		
Opinn fundur vegna riðumála		26.850
Fiskistofa		
Sjávarútvegssýningin 2022	2.418.000	
Kynning á Fiskistofu fyrir erlenda aðila		154.000